

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### 1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. A, svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð. Skilyrði samskráningar eru að eigi minna en 90% hlutfjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Jafnframt hafi öll félögin sama reikningsár. Samskráning skal vera í nafni móðurfélagsins og skal að lágmarki standa í fimm ár. Ef samskráningu er slitið er ekki heimilt að fallast á slíka skráningu að nýju fyrir en að liðnum fimm árum frá því að fyrri samskráningu var slitið.

Umsókn um samskráningu skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélagið er heimilisfast eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Breytingar á forsendum samskráningar, svo sem breytt eignarhald, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Með samskráningu falla á móðurfélagið allar skyldur varðandi uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts skv. VII. og IX. kafla laga þessara vegna allra þeirra félaga sem samskráð eru. Öll bera félögin þó óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar.

Við uppgjör virðisaukaskatts samskráðra félaga skal litið á þau sem eina lögpersónu. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa þannig ekki í för með sér skyldu til að greiða virðisaukaskatt nema velta sé skattskyld, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skráningu frá og með 1. júlí 2005.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

---

*Geir H. Haarde.*